

Nd.

357. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seriur) bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fyrir „allt að 10 milljónum króna“ í upphafi 1. gr. komi: allt að 14 milljónum króna.

Sérhverjum bifreiðaeiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína sem hér segir: Fyrir vörubifreiðar og bifreiðar, er flytja allt að 6 farþegum, 10000 kr. fyrir hverja bifreið, fyrir bifreiðar, er flytja fleiri en 6 farþega, 20000 kr. fyrir hverja bifreið. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvilhjóna bifreiðir og þær þrihjóna, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 5000 kr.

8. gr.

Aftan við 18. gr. sömu laga bætist 3 nýjar greinar, er verða 19., 20. og 21. gr., svo hljóðandi:

1. Heimilt er að setja í reglugerð um tryggingarskylduna ákvæði um, að undanþegið sé tryggingarskyldu smátjón eða slys, þar sem bætur eru innan við 200 kr.
2. Sérhverjum bifreiðaeiganda er skylt að tryggja hvern þann, sem ekur bifreið hans, fyrir bótum vegna slysa, er hann kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.
3. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um notkun bifreiða og skoðun.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 14. júní 1929.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal fella teksta þeirra og 1. gr. laga nr. 23 1927 inn í meginmál laga nr. 56 1926, og gefa þau út svo breytt sem lög um notkun bifreiða.

Nd.

360. Breytingartillaga

við breytingartill. á þskj. 331 (Þingmannakosning í Reykjavík).

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Við 1. brtt. í stað »6« komi: 5 — og í stað »30« komi: 29.